



Til formanna sambandsaðila LH

21. ágúst 2020

Landsþing Landssambands hestamannafélaga verður haldið dagana 16. og 17. október n.k. í Varmahlíð í Skagafirði, í boði Hestamannafélagsins Skagfirðings.

Formönnum og þingfulltrúum er bent á að kynna sér vel 1. kafla í lögum og reglum LH, kafla 1.2 fjallar um landsþing.

Rétt til þingsetu eiga 186 þingfulltrúar frá 42 hestamannafélögum. Kjörbréf verða send formönnum hestamannafélaganna á næstu dögum.

Í fylgiskjali er yfirlit yfir fjölda félaga í LH 2020 og fjölda þeirra þingfulltrúa sem rétt eiga til þingsetu. Félög með færri en 75 félagsmenn fá einn fulltrúa, félög með 76-150 félagsmenn fá tvo fulltrúa, félög með 151-225 fá þrjá fulltrúa o.s. frv.

Tillögur og önnur málefni sem hestamannafélögin óska eftir að tekin verða fyrir á þinginu verða að berast skrifstofu LH í síðasta lagi 18. september 2020. Frestur til að skila inn breytingartillögum við keppnisreglur var 16. júlí, þremur mánuðum fyrir upphaf landsþings.

Tilkynning um framboð til embættis formanns eða til stjórnar LH skal berast kjörnefnd minnst hálfum mánuðum fyrir landsþing, eða 2. október. Sitjandi formaður og aðrir stjórnarmenn skulu tilkynna kjörnefnd hvort þeir gefi kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa, minnst fjórum vikum fyrir landsþing LH, eða 18. september.

Kjörnefnda skipa Margeir Þorgeirsson formaður, Helga Claessen og Þórður Ingólfsson. Tilkynningar um framboð skulu berast til formanns kjörnefndar á netfangið [vodlarhestar@gmail.com](mailto:vodlarhestar@gmail.com).

Hafa ber í huga að í ljósi aðstæðna vegna COVID-19 má búast við að aðlagða þurfi þinghaldið að þeim sóttvarnareglum sem þá verða í gildi.

Skrifstofa LH veitir allar upplýsingar um þingið í síma 514 4030 eða með tölvupósti á netfangið [lh@lhhestar.is](mailto:lh@lhhestar.is)

F.h. stjórnar LH

Láraus Ástmar Hannesson formaður



Fylgiskjal: Fjöldi þingfulltrúa á Landsþingi LH 2020

|    | Félög                           | Félagatal 2020 | Landsþingsfulltrúar |
|----|---------------------------------|----------------|---------------------|
| 1  | Hestamannafélagið Adam          | 52             | 1                   |
| 2  | Hestamannafélagið Blær          | 103            | 2                   |
| 3  | Hestamannafélagið Borgfirðingur | 535            | 8                   |
| 4  | Hestamannafélagið Brimfaxi      | 150            | 2                   |
| 5  | Hestamannafélagið Dreyri        | 258            | 4                   |
| 6  | Hestamannafélagið Feykir        | 58             | 1                   |
| 7  | Hestamannafélagið Freyfaxi      | 177            | 3                   |
| 8  | Hestamannafélagið Funi          | 142            | 2                   |
| 9  | Hestamannafélagið Fákur         | 1496           | 20                  |
| 10 | Hestamannafélagið Geisli        | 29             | 1                   |
| 11 | Hestamannafélagið Geysir        | 715            | 10                  |
| 12 | Hestamannafélagið Glaður        | 168            | 3                   |
| 13 | Hestamannafélagið Glæsir        | 106            | 2                   |
| 14 | Hestamannafélagið Glófaxi       | 88             | 2                   |
| 15 | Hestamannafélagið Gnýfari       | 25             | 1                   |
| 16 | Hestamannafélagið Grani         | 167            | 3                   |
| 17 | Hestamannafélagið Hending       | 52             | 1                   |
| 18 | Hestamannafélagið Hornfirðingur | 170            | 3                   |
| 19 | Hestamannafélagið Hringur       | 179            | 3                   |
| 20 | Hestamannafélagið Háfeti        | 92             | 2                   |
| 21 | Hestamannafélagið Kópur         | 91             | 2                   |
| 22 | Hestamannafélagið Ljúfur        | 138            | 2                   |
| 23 | Hestamannafélagið Logi          | 169            | 3                   |
| 24 | Hestamannafélagið Léttir        | 495            | 7                   |
| 25 | Hestamannafélagið Máni          | 312            | 5                   |
| 26 | Hestamannafélagið Neisti        | 219            | 3                   |
| 27 | Hestamannafélagið Sindri        | 141            | 2                   |
| 28 | Hestamannafélagið Skagfirðingur | 701            | 10                  |
| 29 | Hestamannafélagið Sleipnir      | 618            | 9                   |
| 30 | Hestamannafélagið Smári         | 324            | 5                   |
| 31 | Hestamannafélagið Snæfaxi       | 89             | 2                   |
| 32 | Hestamannafélagið Sprettur      | 1643           | 22                  |
| 33 | Hestamannafélagið Stormur       | 105            | 2                   |
| 34 | Hestamannafélagið Sóti          | 149            | 2                   |
| 35 | Hestamannafélagið Sörli         | 949            | 13                  |
| 36 | Hestamannafélagið Trausti       | 144            | 2                   |
| 37 | Hestamannafélagið Þjálfí        | 142            | 2                   |
| 38 | Hestamannafélagið Þráinn        | 66             | 1                   |
| 39 | Hestamannafélagið Þytur         | 280            | 4                   |
| 40 | Hestaíþróttafélagið Hörður      | 640            | 9                   |
| 41 | Hestaíþróttafélagið Snarfari    | 36             | 1                   |
| 42 | Snæfellingur                    | 285            | 4                   |
|    | <b>ALLS</b>                     | <b>12498</b>   | <b>186</b>          |